

Um Ljúdmílu Úlítskaju og Þegna keisara vors

Ljúdmíla Jevgenjevna Úlítskaja er fædd árið 1943 í Davlekanovo í sjálfstjórnarlýðveldinu Bashkíría í Sovétríkjunum. Hún er gyðingur sem skírst hefur til kristni og ólst upp hjá móður sinni og móðurforeldrum í kommúnölkul¹ í Moskvu. Hún nam efna- og líffræði við Moskvuháskóla og starfaði síðar hjá Erfðafræðistofnun Sovétríkjanna. Þegar hún missti það starf var hún um tíma heimavinnandi en fékk síðar starf í Gyðingaleikhúsinu í Moskvu (Колядич [Koljadítsj] 2005: 370). Á þessum tíma byrjaði hún að skrifa leikrit og kvikmyndahandrit, en sneri sér síðar að prósaskrifum. Árið 1989 fór hún að skrifa sögur sem birtust í fyrsta smásagnasafni hennar, Frændgarður fátæktar (rús. *Бедные родственники* [Bednyje rodstvenníki], 1994). Síðan hafa fjölmörg smásagnasöfn, stuttar skáldsögur og í seinni tíð einkum skáldsögur, litið dagsins ljós. Verk hennar hafa verið þýdd á fjölda tungumála og gefin út um allan heim. Hún hefur hlotið margvísleg verðlaun fyrir verk sín bæði heima og heiman, þar á meðal Medicis-verðlaunin í Frakklandi 1998 fyrir söguna Sonetsjka (rús. *Сонечка* [Sonetsjka]), rússnesku Booker-verðlaunin árið 2001 fyrir skáldsöguna Mál Kukotskís (rús. *Казус Кукоцкого* [Kazús Kúkotskovo]) og „Stóru bókina“ í Rússlandi árið 2007 fyrir skáldsöguna Daníel Shtein, túlkur (rús. *Даниэль Штайн, переводчик* [Daníel Shtajn, perevodtsjík]). Árið 2009 var hún tilnefnd til alþjóðlegu Man Booker-verðlaunanna.²

Um verk Úlítskaju hefur verið sagt að þar sé fjallað um „djúp mannleg tengsl, og „stefnumót“ einnar manneskju við aðra, sem upphafst í ædra veldi og styrkir sambönd fólks að eilífu“ (Черняк [Tsjernjak] 2010: 181–182). Uppskriftin að hamingjunni er vissu-

1 Sjá bls. 331, neðanmálgrein 2

2 Sjá nánar, t.d. vefsíðu Man Booker verðlaunanna, <http://www.themanbookerprize.com/> [sótt: 23. september 2012].

lega ekki til – en Úlitskaja leggur þó sitt af mörkum og telur að sá hafi haft rétt fyrir sér sem sagði: „Börn, elskið hvert annað.“³ Í útvarpsviðtali árið 2007, í telefni af útkomu skáldsögu hennar Daníel Shtein, túlkur,⁴ rabbaði Úlitskaja við þáttarstjórnanda og hlustendur og tók undir þá skoðun eins hlustandans að bókin fjallaði að mörgu leyti um að eina leiðin til bjargar væri í gegnum ástina, þolinmæði, umburðarlyndi og kærleik. (Радио Свобода [Radio Svoboda] 2007). Benjamin Sutcliffe fjallar sérstaklega um „umburðarlyndi“ í verkum Úlitskaju í grein sinni „Liudmila Ulitskaia’s Literature of Tolerance“. Hann fullyrðir og færir rök fyrir að samskipti við „hina“, sem sé lykilkþáttur í umburðarlyndi manna á milli, sé grundvallaratriði í höfundarverki Úlitskaju.⁵ Söguhetjur Úlitskaju eru oft nærri jaðri samfélagsins: fatlaðir, gyðingar, konur og börn. Sjálf hefur hún bent á að áhugi hennar á „jaðarfólki“ eigi að einhverju leyti rætur í hennar eigin reynslu: „Ég get fullvissað þig um að þjóðernissjálfsmynd gyðingastúlku á 6. áratugnum [í Sovétríkjunum] er efni í sögu. Ég fann það á eigin skinni. Þetta snerist hvorki um að vera betri eða verri, heldur að vera öðruvísi ... Og ég vildi vera eins og hinir“ (Gosteva 2002: 85).

Þær sögur sem hér birtast í íslenskri þýðingu eru úr smásagnasafninu Þegnar keisara vors (*Люди нашего царя* [Ljúdí nashevo tsarja])⁶ frá árinu 2005. Titillinn vísar í sögu eftir rússneska rithöfundinn Nikolaj Leskov (1831–1895) og bókin hefst á tilvitnun í söguna, sem mætti þýða svona: „Hvaða kynlegu kvisti er ekki að finna í ríki keisara vors!“⁷ Í þessari tilvitnun er að finna talsverðar

3 Gosteva 2001: 86. Hér vísar Úlitskaja að öllum líkindum í Jóhannesarguðspjall 13:34 þegar Kristur talar til lærisveinanna við síðustu kvöldmáltíðina. Þar kallar hann þá „börn“.

4 Skáldsagan fjallar um örlög pólsks gyðings sem fyrir röð tilviljana og „kraftaverka“ lifir af helför síðari heimsstyrjaldarinnar, gerist kaþólskur munkur og fer til Ísrael til að sinna trúboði og predika umburðarlyndi.

5 Sutcliffe 2007: 507. Hér er vísað til samskipta fólks með ólík lífsviðhorf og bakgrunn, hvað varðar trú, menningu og félagslegar aðstæður. Sutcliffe fjallar í grein sinni einkum um sögunar Útfararveislan (*Веселые похороны*, [Vesjolye pokhorony], 1997) og Daníel Shtein, túlkur, en tínir til fjölmörg dæmi úr öðrum verkum höfundar, máli sínu til stuðnings.

6 Útgáfan sem hér er notuð er frá árinu 2008.

7 Улицкая 2008: 5. „Каких только людей нет у нашего царя!“ [Kakíkh tolko ljúdej net ú nashevo tsarja!]. Tilvitnunin er úr sögunni „Соборяне“ [Soborjane] („Dómkirkjuklerkarnir“) sem birtist í endanlegri gerð í nokkrum tölublöðum tímaritsins *Русский вестник* [Rússkí Vestník] árið 1872. Í bók Úlitskaju virðist tilvitnunin ekki vera alveg orðrétt. Samkvæmt tveimur útgáfum sögunnar sem skoðaðar hafa verið á Veraldarvefnum er hún rétt svona: „Господи, каких у нашего царя людей нет!“ [Gospodí, kakíkh ú nashevo tsarja ljúdej net!]. Orðaröðin er önnur og fremst stendur

upplýsingar um innihald og andblæ bókarinnar. Hún vísar til þess hversu gríðarlega mannmargt hið víðáttumikla Rússland er og að íbúar landsins séu bæði margir og misjafnir og margt skrýtið og stundum dapurlegt geti drifið á daga þeirra. Möguleikar sagnamannsins eru því óendanlegir. Hugmyndin um að allt þetta fólk sé þegar „keisara vors“ er áhugaverð í því samhengi að á öldum áður í Rússlandi var litið á keisarann sem „staðgengil Guðs á jörðinni, föður þjóðarinnar“ (*BAC* [BLS] 2007: 605). Það var því ekki mikill munur á að vera barn keisarans og að vera barn Guðs – og Guð elskar alla jafnt! Segja má að þetta hafi enn átt við á tímum Sovétríkjanna með dálítið öðrum formerkjum; risastórt mannmargt ríki með einn óskoraðan og afar valdamikinn foringja.

Þegar Úlítskaja skilaði handriti að skáldsögunni *Ykkar einlægur Shúrík* (rús. *Искренне вам Шурик* [Ískrenne vash Shúrík]) til útgefanda árið 2004, bárust henni fréttir af því að fyrirmynd aðalsöguhetjunnar hefði látist. Hún settist niður og skrifaði Þegna keisara vors í einni lotu og ber bókin nokkurn keim af því. Efnisvalið er fjölbreytt og með nokkuð „sannsögulegum“ blæ, ef svo má að orði komast, og útkoman líkist að nokkru skissumyndasafni eða svipmyndum úr lífi fólks og heillar þjóðar. Úlítskaja segir að sögurnar hafi spröttið fram áreynslulaust þó að efni þeirra sé ekki endilega léttvægt (*Женский мир – Ренессанс* [Zhenskí mír – Rennsans] 2005). Á meðan á vinnslu bókarinnar stóð sagði Úlítskaja frá því að bókin yrði ekki mjög harmræn en ákaflega hjartnæm enda væri erfitt að standast það þegar ástin hefði sigur yfir lífsins þrautum (*Топос* [Topos] 2005). Sigur ástarinnar yfir erfiðleikunum er eitt einkenni á smásögum Úlítskaju og tengist vissulega því sem segir hér að framan um umburðarlyndi og ástæður þess að veröldin hrynur ekki. Annað einkenni á sögum hennar er hispursleysi og áræðni – í þeim skilningi að margt sem telja má bannhelgt er tekið til umfjöllunar og það gert sýnilegt með því að fjalla um það á opinskáan hátt, án þess að dramatísera viðfangsefnið eða taka til þess afstöðu. Dæmi um umfjöllunarefni sem þessu tengjast er ofbeldi, samkynhneigð,

„Drottinn minn ...!“ Sjá t.d., http://az.lib.ru/l/leskow_n_s/text_0020.shtml [sótt 20. september 2012]. Í sögu Leskovs er merkingin fremur neikvæð. Framvegis verður vísað til bókar Úlítskaju með blaðsíðutali í svigum í meginmáli.

framhjáhald, fötlun, og ástar- eða kynlífssambönd þar sem aldursmunur er mjög mikill – og yngri aðilinn jafnvel enn á barnsaldri.

Þegar keisara vors skiptist í fimm hluta sem hver hefur sitt þema: Þegar keisara vors, Blóðbönd, Þau lifðu lengi ..., Verndarengill og Að lokum. Saman varpa sögurnar ljósi á lífshlaup manna og dýra, einkum í Sovétríkjunum og Rússlandi, í gleði og sorg þar sem sitthvað getur gerst; hver og einn bregst með sínum hætti við því sem að höndum ber og enginn hefur öll réttu svörin á reiðum höndum. Húmor og íronía eru notuð óspart og persónur bjargast gjarnan úr ógnvænlegum aðstæðum fyrir mildi höfundarins með einhvers konar hversdagslegum kraftaverkum – þó að ekki fari alltaf vel.

Í fyrsta hlutanum eru sagðar sögur úr lífi þegnanna, uppákomum og ýmsu því sem hefur áhrif á líf þeirra. „Bjarti fálkinn fríði“ og „Liðhlaupinn“ eru úr þessum hluta. Báðar gerast sögurnar á tímum sem reyndu mjög á sovésku þjóðina; önnur í síðari heimsstyrjöldinni, hin hefst árið sem stríðinu lýkur – að líkindum þegar því er lokið. Sögurnar eru e.t.v. dæmigerðar fyrir bókina að því leyti að persónum sem lenda í lífshættu eða standa andspænis mikilli ógn er bjargað; illmenni hverfur af sjónarsviðinu og einhver betri kemur í staðinn eða ógninni er bægt frá. Margar sögur í bókinni bera merki þess að vera sögur úr raunveruleikanum. Sem dæmi má nefna að sagan af „liðhlaupanum“ er fremur nákvæm endursögn af örlögum hunds vinkonu höfundar, Írínu Erenburg, dóttur rithöfundarins Ílja Erenburgs sem var fréttaritari á Rauðu stjórnunni í heimsstyrjöldinni síðari (*Tonoc* 2005).

Í flestum sögum í þessum hluta er lesandanum, ekki síður en sögupersónunum, hlíft við dapurlegum sögulokum. En ekki alltaf. Í einni sögunni er til dæmis sagt frá Galínu Andrejevnu sem var ung og efnileg íþróttakona þegar „ógæfan dundi yfir“ (bls. 101). Hún og maðurinn hennar eignast mikið fatlaða dóttur og 22 árum síðar bugast Galína undan álaginu og sviptir sig lífi í myrkri frelsandi rafmagnsleysis. Í annarri sögu fylgjumst við með skelfilegum en grátbroslegum vonbrigðum Gennadís Tútsjkin þegar hann uppgötvar að mikill meistari sem hann hafði lengi litið upp til og þráð að hitta er enginn annar en Kúpelís, næsti nágranni hans í kommúnölkunni, ömurlegt gamalmenni sem hélt vöku allar nætur fyrir Gennadí með hósta, hryglum og soghljóðum.

Sögurnar í þeim hluta sem kalla mætti Blóðbönd fjalla um samband foreldra og barna og ekki síst hvaða merkingu það hefur að vera „foreldri“. Er blóð þykkara en vatn? Hvað er fjölskylda? Fjölskyldan og samband fólks innan hennar er Úlítskaju hugleikin, ekki síst vegna þeirra breytinga sem orðið hafa þar á frá þeim tíma er hún var að alast upp (Gosteva 2002: 86). Fyrsta sagan í þessum hluta, „Spursmál um faðerni“, hefst á vangaveltum um þróun í erfðafræði og áhrif hennar á sönnunarbyrði í faðernismálum. Úlítskaja er þeirrar skoðunar að DNA-próf í slíkum málum snúist oftast en ekki um meðlagsgreiðslur og hún dáist að því þegar samband og traust milli einstaklinga verður slíkum vangaveltum yfirsterkara (*Tonoc* 2005). Sögurnar í þessum hluta eru tileinkaðar slíkum tilfellum.

Í einni sögu í þessum hluta segir frá hinni glaðværu og söngelsku Möshu. Hún giftist Ívani og eignast með honum tvo syni. Hjónin syngja saman í kirkjukór í litlum bæ og allt er gott þar til eiginmaðurinn ákveður að fara í prestaskóla. Smám saman breytist framkoma Ívans gagnvart Möshu; hann verður hranalegur og dónalegur í viðmóti, hættir að virða börnin viðlits, og tortryggni í garð eiginkonunnar fer að grafa um sig í sálu hans. Þetta verður að lokum svo sjúklegt að hann heimtar skilnað, enda eigi hann ekkert í krökkunum; hjónabandið hafi allt verið blekking og svik. Gengið er frá skilnaðinum; Ívan hverfur á braut en Masha jafnar sig að lokum. Nokkru síðar verður hún barnshafandi eftir stundarkynni við kornungan mann. Hún veit að fólk talar henni á bak, og þegar hún heyrir á tal listamanna sem eru að gera við altarið í kirkjunni, reiðist hún, segir þeim allan sannleikann og slær þannig vopnin úr höndum þeirra með hreinskilni sinni. Upp frá þessu reynir annar mannanna hvað hann getur til að kynnast Möshu og biður hana einn góðan veðurdag að giftast sér. Henni þykir það svo kostulegt að hún játast honum samstundis, án þess svo mikið sem vita hvað hann heitir. Þau gifta sig áður en nýr drengur fæðist. Eiginmaðurinn nýi má ekki af nýfædda barninu sjá, eldri drengirnir taka upp ættarnafn hans og áður en langt um líður fæðist enn einn sonur og Masha þakkar Guði fyrir alla tilhögun mála („Söngelska Masha“, bls. 126–135).

Dauðinn er helsta viðfangsefni næsta hluta, sem nefnist Þau lifðu lengi. Fjallað er um hvernig hann ber að, aðdraganda hans, sem ef til vill er lífið allt, og viðbrögð fólks við honum. Í sögunni „Þau lifðu

lengi ...“ eru systurnar Aleksandra og Anastasía undir járnhæl móður sinnar þar til hún deyr í hárrí elli á sjúkrahúsi – og systurnar komnar á sjötugsaldur. Faðirinn sem legið hafði veikur um tíma tekur skömmu síðar síðasta andvarpið. Móðirin hafði séð til þess að systurnar fengju hæfilega menntun, væru aldrei við karlmann kenndar heldur sinntu henni, föðurnum, umhirðu heimilisins og matseld af fáheyrðri nákvæmni og reglu. Þetta var svo tímafrekt að Aleksandra og Anastasía komust tæpast út á meðal fólks. Orsök þessa var lífshættulegt leyndarmál móðurinnar, hún var nefnilega af aðalsættum. Viðleitni móðurinnar til að halda uppruna sínum leyndum og vernda fjölskylduna snerist upp í sjúklega stjórnsemi og kúgun. Á banabeðinum segir hún dætrum sínum frá leyndarmálinu sem ekki er lengur jafn hættulegt og áður.

Systurnar ákveða að byrja að lifa: Þær snúa baki við matseldinni, leita uppi aðalborna ættingja sína erlendis, sem búa í Frakklandi, Sviss, á Ítalíu ... Í ljós kemur að þær eiga áttir að rekja til hirðmeyjar og vinkonu sjálfrar keisaraynjunnar. Sú hafði flúið til Sviss árið 1917 með öll sín börn nema móður systranna, vegna veikinda hennar. Systurnar kynnast þessum nýja frændgarði, fulltrúum gamallar og glæsilegrar menningar sem þær höfðu verið sviptar. Aleksandra, sem alltaf hafði verið sú áræðna, nær sér í mann og flytur með honum og systur sinni til smábæjar í nágrenni Parísar þar sem þau búa enn. Og eiginmaðurinn hefur ekki minnsta grun um hversu snjallar systurnar eru við matseld – enda snæða þau mest á veitingahúsum ... (bls. 161–175).

Sögurnar í þessum hluta eru að nokkru leyti tregafyllri en aðrar í bókinni. Áleitnar spurningar á borð við „til hvers er lifað?“ og „hvað lifir eftir dauðann?“ eru ávallt nærri, og eftirsjá og efi fá meira rými. Söguhetjan í sögunni „Síðasta vikan“ spyr sig til dæmis ævina á enda erfiðustu og tilgangslausustu spurningar sem til er: „Hvað ef?“ Hefði hún getað komið í veg fyrir að þunglyndiskast Vasilísu yrði banvænt ef hún hefði leyft henni að gista hjá sér eina nótt endur fyrir löngu? (bls. 181–187). Engin svör er að fá við slíkri spurningu; það sem gerst hefur verður ekki aftur tekið, það er hluti af lífinu eins og dauðinn. Dauðinn er óumflýjanlegur, og það skiptir ekki meginmáli

hvort fólk lifir eða deyr í sögulok – heldur að höfundurinn láti tjaldið falla þegar það er tímabært.⁸

Í næstsíðasta hluta bókarinnar, Verndarengill, eru frásagnir af eftirminnilegum atvikum og tilviljunum í lífi fólks. Fyrsta sagan er hálf blaðsíða og ber sama heiti og hlutinn allur „Verndarengill“. Sú sem segir söguna greinir frá því að gömul frænka hennar komi alltaf fram á gang, blessi hana og kalli til verndarengla áður en farið er út í daginn. Sögumaður segist ekki vita um aðra en veit að hennar verndarengill er alltaf með henni: „Hann verndar mig á öllum mínum ferðum og sýnir mér margt áhugavert og merkilegt“ (bls. 245).

Lítill stúlka grenjar það í gegn að fá að hafa með sér stálpaðan andarunga úr sumarhúsinu til Moskvu. Ferðalagið er eftirminnilegt en um veturinn er kofi andarinnar í húsagarðinum eyðilagður og öndinni stolið. „Til hvers var líka afi að flytja öndina frá Kratov í innkaupaneti?“ („Öndin“, bls. 246–247).

Kona kaupir sér tappa í baðkarið – en verður að kaupa tvo. Annan setur hún í baðið en hinn velkist um í töskunni hennar vikum saman. Einn góðan veðurdag hittir hún Níkíta, sem er af menntamönnum kominn en hefur sjálfur setið í fangabúðum oftar en einu sinni og er tannlaus og allslaus. Þau taka tal saman og hann spyr hvar hann finni búsáhaldaverslun, hann vanti nefnilega baðtappa. Og sögukonan gleðst yfir því að vera á réttum stað og réttum tíma með baðtappa í töskunni – þó að hún sé alls ekki viss um hvor verndarengillinn hafi hér haldið um stjórnartaumana, hennar eða Níkíta („Tappinn“, bls. 259–260).

Heimspækilegar örsögur og hugleiðingar um Guðdóminn, lífið og leyndardóma tilverunnar fylla lokahlutann, Að lokum. Bókinni lýkur á þessari örsögu: „Nú, ég missi hendur, fætur og höfuð, upp gufar aldur, fæðingardagur, dánardægur og jafnvel heimilisfang, netfang, og svo nafn og ættarnafn – og það verður í lagi“ (bls. 365).

8 Gosteva 2002: 79. Úlitskaja á hér við að ef höfundurinn bregst ekki við þá hljóti að koma að því að söguhetjan deyi af náttúrulegum orsökum, og veltir því fyrir sér í framhaldinu hvernig heimsbókmenntirnar væru ef Hamlet hefði látist úr offitu um sjötugt og Júlía úr niðurgangi um fertugt. Hver væri þá staða höfundarins?

HEIMILDIR

- БАС. *Большой лингвострановедческий словарь*. 2007. Ritstj. Ю. Е. Прохоров. Moskva: АСТ-ПРЕСС.
- Женский мир – Ренессанс*. 2005. „Людмила Улицкая: Нелёгкий путь из генетики через театр в литературу.“ <http://zenmir.narod.ru/2005-4/ulicka-aya-lyudmila.htm> [sótt 16. ágúst 2012].
- Gosteva, Anastasiia. 2001. „Liudmila Ulitskaia: An Interview. „I Accept Everything That is Given.““ Вүд. Vladimir Talmy, *Russian Studies in Literature* 2, bls. 72–93. <http://web.ebscohost.com/ehost/pdfviewer/pdfviewer?sid=51b30a7b-500a-46aa-94a2-597ce1a9cfa9%40sessionmgr114&vid=4&hid=123> [sótt 14. janúar 2011].
- Колядич, Т. М. 2005. „А. Е. Улицкая (р. 1943).“ *Русская проза XX века* (bls. 369–390). Ritstj. Колядич, Т. М. Moskva: АСАСЕМІА.
- Лесков, Н. С. „Соборяне“. http://az.lib.ru/l/leskow_n_s/text_0020.shtml [sótt 20. september 2012].
- The Man Booker verðlaunin, <http://www.themanbookerprize.com/prize/authors/256> [sótt: 14. apríl 2012].
- Радио Свобода. 15. apríl 2007. „Прозаик, сценарист кино и телевидения, лауреат премии „Букер – Открытая Россия“ Людмила Улицкая.“ Viðtal Víktors Shenderovitsj við Ljúdmílu Úlítskaju. <http://www.svobodanews.ru/content/transcript/388230.html> [sótt 1. nóvember 2011].
- Riasanovsky, N. V., og Steinberg, M. D. 2005. *A History of Russia. Seventh Edition*. New York, Oxford: Oxford University Press.
- Sutcliffe, Benjamin M. 2009. „Liudmila Ulitskaia’s Literature of Tolerance.“ *The Russian Review* 68(júlí), bls. 495–509.
- Топос*. 30.05. 2005. „Тайное время.“ Viðtal Dímrítrís Bavílskís við Ljúdmílu Úlítskaju. <http://www.topos.ru/article/3624> [sótt 16. maí 2012].
- Черняк, М. А. 2010. *Современная русская литература*. Moskva: ФОРУМ – САГА.
- Улицкая, Людмила. 2008. *Люди нашего царя*. Moskva: Эксмо.